



Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps

Grundvöllur Jafnréttisáætlunar Vopnafjarðarhrepps

Jafnréttisáætlun Vopnafjarðarhrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Jafn réttur kvenna og karla er varinn í stjórnarskrá Íslands sem og fjölmörgum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað og er fullgildur aðili að.

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í sveitarfélaginu og jöfnum möguleikum þeirra til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar.

Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum þess. Leitast skal við að flétta jafnréttissjónarmið inn í starfsemi sveitarfélagsins og líf íbúanna þannig að þau verði sjálfsagður þáttur þess.

Jafnréttisáætlunin skuldbindur stjórnvöld til þess að vinna að jafnrétti kvenna og karla á þremur megin sviðum: innan stjórnkerfis, á meðal starfsmanna og í þjónustu við íbúa.

1. kafli

Markmið Jafnréttisáætlunar

1. Stjórnkerfið

Markmið:

- Að treysta lýðræðislega stjórnun sveitarfélagsins með því að leitast við að þátttaka og áhrif karla og kvenna séu sem jöfnust og að jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa íbúa óháð kyni.

Leiðir:

- Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal hafa hlutföll kynja sem jöfnust.
- Jafnrétti kynja skal haft að leiðarljósi þegar valdir eru fulltrúar í vinnuhópa til undirbúnings stefnumótunar og meiriháttar ákvarðana.



- Við gagnaöflun og annan undirbúning ákvarðana sem áhrif geta haft á stöðu kynjanna skal leitast við að taka mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og greina afleiðingar þeirra með tilliti til jafnréttis.

2. Starfsmenn

Markmið:

- Að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis á vinnustöðum Vopnafjarðarhrepps.

Leiðir:

- *Auglýsingar* - Í öllum auglýsingum á vegum stofnana og fyrirtækja Vopnafjarðarhrepps skal gæta jafnréttis og jafnrar virðingar kynjanna, sbr. 18. gr. jafnréttislaga. Atvinnuauglýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal, þar sem það á við, vekja athygli á því markmiði jafnréttisstefnunnar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinar.
- *Ráðningar* – Allar stöður hjá Vopnafjarðarhreppi skulu að jafnaði auglýstar lausar til umsóknar, nema um tímabundnar ráðningar eða tilfærslu í starfi sé að ræða. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Vopnafjarðarhreppi. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta þar sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif.
- *Kjör* - Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni.
- *Starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun* - Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum beggja kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.
- *Sveigjanleiki á vinnustað* - Vopnafjarðarhreppur vill nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf - og stjórnendum að mæta breytilegum þörfum starfseminnar. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annari hagræðingu á vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsmanni og starfsemi.



- *Kynferðisleg áreitni* - Kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Vopnafjarðarhrepps. Vísað er til 17.gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi, í samráð við forstöðumann eða eftir atvikum aðra yfirmenn stjórnarsýslunnar, tafarlaust að binda endi á hana. Polandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstri úr starfi.
- Vopnafjarðarhreppur skal leggja reglulega fyrir könnun á kjörum og starfsaðstæðum kvenna og karla sem starfa hjá sveitarfélaginu.

3. Þjónusta

Markmið:

- Að flétta jafnréttissjónarmið saman við þjónustu Vopnafjarðarhrepps þannig að hún ýti undir jafnrétti meðal íbúa sveitarfélagsins á vettvangi fjölskyldu- og atvinnulífs sem og á öðrum vettvangi samfélagsins.

Leiðir:

- Karlar og konur eigi jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal taka mið af þörfum beggja kynja og áhrifum hennar á stöðu kvenna og karla.
- Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð Vopnafjarðarhrepps og stofnana hennar skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Jafnréttisfræðsla skal fara fram á öllum skólastigum. Börnum og unglingum skal veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án tillits til hefðbundinna staðalmynda kynjanna. Fræðsluyfirvöldum í sveitarfélaginu svo og stjórnendum félags- og tómstundastarfs ber að leitast við að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglinga.
- Styrkir Vopnafjarðarhrepps til félagssamtaka eru bundnir því skilyrði að kynjum sé ekki mismunað. Jafnréttisnefnd getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

2. kafli

Ábyrgð

Stjórnendur og starfsmenn Vopnafjarðarhrepps bera ábyrgð á að gæta jafnréttis kynja innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, á vinnustöðum þess og í þjónustu við íbúa.



3. kafli

Stjórnun jafnréttismála Vopnafjarðarhrepps

Jafnréttismál falla undir jafnréttisnefnd Vopnafjarðarhrepps og starfar á grundvelli 10.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Jafnréttisnefnd fer með stefnumótun á sviði jafnréttismála hjá Vopnafjarðarhreppi, er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla og hefur frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þá hefur jafnréttisnefnd eftirlit með framkvæmd jafnréttisstefnu Vopnafjarðarhrepps.

Jafnréttisnefnd getur kallað eftir upplýsingum um stöðu kvenna og karla innan einstakra málaflokka frá nefndum, ráðum og stofnunum bæjarins.

Að fenginni tillögu jafnréttisnefndar afgreiðir sveitarstjórn ár hvert starfs- og fjárhagsáætlun í jafnréttismálum á grundvelli fjárhagsramma sem sveitarstjórn úthlutar.

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 30. nóvember 2007